

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 14. og 15. júní 1895.

Ár 1895, 14. dag júnímán., var aðalfundur amtsráðsins í vesturamtinu settur og haldinn í Stykkishólmi, af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum hreppstjóra Sigurði Sigurðssyni í Gröf (úr Mýrasýslu), hreppstjóra Þórði Þórðarsyni á Rauðkollsstöðum (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal (úr Dalasýslu), sjera Guðmundi Guðmundssyni í Gufudal (úr Austur-Barðastrandarsýslu), sýslumanni Skúla Thoroddsen (úr Ísafjarðarsýslu), og prófasti síra Páli Ólafssyni á Prestbakka (úr Strandasýslu).

Úr Vestur-Barðastrandarsýslu var amtsráðsmaður ekki kominn, enda heldur engin tilkynning um fram farna kosningu þar, eins og til stóð.

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumanna úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, úr Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu um kosningar amtsráðsmanna fyrir tímabilið frá 1. júní 1895 til 30. maí 1901 í stað þeirra, sem skyldu ganga úr ráðinu eptir framförnu hlutkesti á amtsráðsfundinum 6. og 7. júní 1894 (Stjórntíðindi B. 1894 bls. 65).

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Amtsráðsmaður	Vara-amtsráðsmaður
Þórður hreppstjóri Þórðarson á Rauðkollsstöðum.	kaupmaður Sæmundur Halldórsson í Stykkishólmi.

2. Fyrir Ísafjarðarsýslu.

Amtsráðsmaður	Vara-amtsráðsmaður
sýslumaður Skúli Thoroddsen á Ísafirði.	síra Sigurður Stefánsson í Vigur.

3. Fyrir Strandasýslu.

Amtsráðsmaður	Vara-amtsráðsmaður
prófastur Páll Ólafsson á Prestsbakka.	síra Arnór Arnason á Felli.

Amtsráðið fann ekki neitt við kosningarnar að athuga.

Sem skrifari amtsráðsins var kosinn síra Páll Ólafsson á Prestsbakka.

Mál þessi komu til umræðu á fundinum:

1. Amtsráðið ályktaði að leggja fyrir sýslumenn, að halda aðalfundi sýslunefndanna svo tímanlega á ári hverju eptirleiðis, að allar afgreiðslur, snertandi amtsráðið, reikningar og endurrit af gjörðabókum væru komin til forseta ráðsins fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1894, var hann falinn síra Guðmundi Guðmundssyni og Torfa Bjarnasyni til endurskoðunar.
3. Forseti lagði þar næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs vesturamtsins fyrir 1894, var hann falinn sýslumanni Skúla Thoroddsen og síra Páli Ólafssyni til endurskoðunar.

17. dag desembr.mán. 1895.

- 130** 4. Þá var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1894, var hann fenginn í hendur Þórði Þórðarsyni og Sigurði Sigurðssyni til endurskoðunar.
5. Síðast var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns vesturamtsins fyrir 1894, sem falinn var til endurskoðunar síra Guðmundi Guðmundssyni og Torfa Bjarnasyni.
6. Forseti skýrði frá því, hvernig fullnægt hefði verið úrskurðum þeim, sem amtsráðið hefði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegareikninga á fundi sínum 6. og 7. júní f. á. (Stjórnartíðindi B. 1894, bls. 66).
7. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1894 til endurskoðunar og úrskurðar amtsráðsins:
- Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikning Ísafjarðarsýslu fyrir 1894; var þessi reikningur fenginn síra Páli Ólafssyni til endurskoðunar.
  - Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninginn úr Strandasýslu fyrir 1894, og var hann fenginn Torfa Bjarnasyni til endurskoðunar.
  - Sýsluvegasjóðsreikningurinn úr Dalasýslu var ókominn. Sýslusjóðsreikningurinn úr Dalasýslu var fenginn síra Guðmundi Guðmundssyni til endurskoðunar.
  - Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir úr Mýrasýslu voru fengnir sýslumanni Skúla Thoroddsen til endurskoðunar.
  - Sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu voru fengnir Sigurði Sigurðssyni til endurskoðunar.  
Forseta var falið að úrskurða sýsluvegareikninginn úr Dalasýslu, og sýslureikningana úr Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu, þegar þeir væru inn komnir.
8. Forseti lagði fram eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin.
- Úr Strandasýslu frá 17.—19. apríl.
  - Ísafjarðarsýslu frá 18.—21. marz þ. á. Amtsráðið athugaði, að sýslunefndin hefði samþykkt fyrirhugaða skipting á Ísafjarðarsýslu í sveitarstjórnarlegu tilliti, en eigi lá fyrir neitt sjerstakt brjef um þetta til amtsráðsins. Ráðið tók samt málið til umræðu og ályktaði, að mæla með, að skiptingin færi fram á þann hátt, sem sýslunefndin hefði hugsað sjer hana.
  - Úr Dalasýslu frá 23.—24. apríl þ. á.
    - Sýslunefndin hefir ályktað, að taka 6,000—10,000 kr. lán úr landsjóði til þess að koma upp tóvinnuvjelum; skyldi upphæðin lánuð manni (ónefndum) gegn veði í vjelunum fyrir hálfvirði þeirra, í vjelahúsinu fyrir hálfvirði þess, og gegn jarðarveði fyrir afganginum, en þess er eigi getið, hve mikið jarðarveðið skuli vera í hlutfalli við þá afgangsupphæð, sem eigi yrði tryggð með vjelunum og húsinu.  
Sýslunefndin hefir eigi leitað samþykkis amtsráðsins til þessarar lántöku, sem henni var skylt eptir 43. gr. tilskip. 4. maí 1872,

um sveitarstjórn á Íslandi, og ekki einu sinni ályktað að leita þessa samþykkis; samt sem áður vildi amtsráðið samþykkja þessa lántöku, gegn águrnefndri tryggingu í vjelunum og vjelahúsinu, og þannig, að sú lánsupphæð, sem jarðarveð verður sett fyrir, sje tryggð með 1 veðrjetti, og nemi ekki meiru en  $\frac{2}{3}$  af virðingarverði jarðarinnar.

Sömuleiðis skyldu vjelarnar og vjelahúsið virt til tyrnefndrar veðsetningar og vátryggjast gegn eldsvoða.

2. Sýslunefndin hefur ályktað að taka allt að 5000 kr. lán úr landssjóði handa Saurbæjarhreppi til þess að kaupa þá hluti úr Stadarhólstorf- unni, sem liggja í nefndum hreppi, og til þess að byggja upp Stadar- hólskirkju. Amtsráðið samþykkti þetta.
  3. Sýslunefndin hefir tilfært í áætlun sinni yfir tekjur og gjöld sýslu- sjóðsins fyrir yfirstandandi ár 2000 kr. til uppmælingar á Hvamms- firði, en þar sem slík uppmæling ekki mun eiga sjer stað á þessu sumri, gengur amtsráðið út frá því, að þessi upphæð sje veitt til mæl- ingarinnar, sem væntanlega á fram að fara á komandi ári.
  - d. Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 24.—27. apríl þ. á.
  - e. — Mýrasýslu frá 15. nóvbr. f. á. og 3. maí þ. á.
  - f. Gjörðabókareptirrit frá Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu vantaði.
  9. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13 maí þ. á., þar sem hann tyrir hönd sýslunefndarinnar í Mýrasýslu fer þess á leit, að amtið upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins, samþykki sýslu- sjóðsgjaldsniðurjöfnun nefndarinnar fyrir 1895. sem fer talsvert fram yfir það, sem hún hefir heimild til að jafna niður samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.
- Enn fremur lagði forseti fram brjef sitt hjer að lútandi til sýslu- mannsins, dags. 20. maí þ. á., þar sem hann hafði leyft þessa niðurjöfnun; en kostnaðarauki sýslusjóðsins stafar af ráðstöfun til lækningar hunda af bandormum. Amtsráðið staðfesti þetta.
10. Endurskoðendur lögðu aptur fram reikninginn yfir tekjur og gjöld jafnaðar- sjóðsins án athugasemda, og var hann þannig samþykktur.
  11. Sömuleiðis var lagður fram af endurskoðendum reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafusins án athugasemda, og var hann þannig samþykktur.
  12. Enn fremur var reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs vesturamtsins samþykktur án athugasemda.
  13. Sömuleiðis var samþykktur án athugasemda reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs vesturamtsins.
  14. A. Endurskoðendur lögðu fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga Stranda- sýslu án athugasemda og voru þeir þannig samþykktir.
  - B. Við sýslusjóðsreikninginn úr Dalasýslu voru gjörðar nokkrar athuga- semdir.
  - C. Við sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikning Snæfellsness- og Hnappadals- sýslu var ekkert fundið að athuga, og var hann samþykktur.
  - D. Amtsráðið úrskurðaði athugasemdir endurskoðanda á sýslusjóðsreikningi Isafjarðarsýslu.

130

- E. Amtsráðið úrskurðaði athugasemdir endurskoðanda við reikninginn yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs Ísafjarðarsýslu.
- F. Amtsráðið gjörði nokkrar athugasemdir við sýslusjóðsreikning Mýrasýslu.
- G. Amtsráðið úrskurðaði athugasemdir endurskoðanda sýslunefndarinnar við sýsluvegasjóðsreikning Mýrasýslu.

15. Forseti minntist á, að ályktað hefði verið á fundi amtsráðsins 13.—15. júní 1893 (Stjórnartíðindi B. 1893, bls. 73), að semja skyldi frumvarp til reglugjörðar fyrir amtsbókasafnið í Stykkishólmi, sem yrði lagt fyrir amtsráðið á fundi þess 1894. Þetta hefði eigi verið gjört, og skýrði forseti frá því, að hann vegna þessa og svo af því, að hann hefði orðið að álíta, að safnið þyrfti nánara eptirlits með, en amtsráðið og amtmaður gætu haft með því, hefði upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins 13. ágúst 1894 sett 3 manna nefnd til þess undir yfirumsjón ráðsins að hafa umsjón með safninu, og kvatt í hana samstundis sýslumann Lárus Bjarnason og prófast Sigurð Gunnarsson, og síðast hjeraðslæknir Davíð Sch. Thorsteinsson, sem nú nýlega hefði einnig verið skipaður bókaforður. Forseti leitaði svo samþykkis ráðsins til þessarar nefndarskipunar og fjellst amtsráðið á hana.

Jafnframt lagði forseti fram frumvarp til fyrnefndrar reglugjörðar, sem amtsráðið ræddi og samþykkti.

Amtsráðið veitti 100 kr. fyrir þetta ár til bókasafnsins, sjer í lagi til þess, að semja bókaskrá, raða bókum og prenta skrána.

16. Út af brjefi sýslunefndarinnar í Dalasýslu, 16. f. m., þar sem skorað er á amtsráðið, að það hlutist til um, að tilkvaddir menn sje látnir skoða mörk á öllu fje, sem selt sje til útflutnings eða slátrunar í kaupstöðum, og skrifa upp fjármörk, sem þeim þykja athugaverð og tilkynna þau hreppstjórunum, ályktaði amtsráðið, að það hefði ekkert vald til að gefa út slíka fyrirskipun, enda hefði það ekki fje undir höndum til þess að greiða kostnaðinn við slíkar rannsóknir.

A hinn bóginn álitur amtsráðið það mjög nauðsynlegt, að settar yrðu lagareglur eða gefin lög um markaði og fjársölu á haustin, sem lytu að því að vernda eignarrjett manna, halda uppi góðri reglu á mörkuðum og hafa gætur á heibrigðisástandi fjár, sem ætlað væri til útflutnings.

17. Forseti lagði fram brjef sýslunefndarinnar í Dalasýslu, 16. maí þ. á., þar sem hún samkvæmt beiðni póstafgreiðslumannsins í Hjarðarholti fer þess á leit við amtsráðið, að það mæli með því við alþingi, að pósthverðirnar frá Ísafirði til *Reykjavíkur* verði lagðar niður á sumrin, en gufubátnum á Faxaflóa gjört að skyldu að fara upp á Akranes og inn í Borgarfjörð í hvert skipti, sem póstsíki kæmi til Reykjavíkur; úr Borgarnesi skyldi svo póstur fara vestur um Dalasýslu að Bæ í Króksfirði og þaðan aftur til baka suður í Borgarnes fyrir næstu póstsíki komu til Reykjavíkur. — Amtsráðið gat eigi sinnt þessu erindi eins og það liggur fyrir.

18. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu tæki 3000 kr. lán til þess að geta uppfyllt loforð sitt um að gefa sjúkrahússjóðnum á Ísafirði

þessa upphæð; en eptir upplýsingu frá amtsráðsmanni Ísfirðinga, telur amtsráðið það rjett, að sýslunefndinni gefist kostur á að íhuga skilyrði, sem hún hefur sett fyrir gjöfni, áður en hún yrði útborguð, og skýra þau.

19. Forseti lagði fram brjef sýslunefndarinnar í Strandasýslu, 29. apríl þ. á., þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið útvegi úr landssjóði allt að 400 kr. til þess að varða fjallveginn á Ofeigsfjarðarheiði, sem liggur úr Ófeigsfirði í Strandasýslu að Hraundal í Ísafjarðarsýslu. — Amtsráðið ályktaði, að mæla fram með fjárbeiðni þessari.
20. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Strandasýslu, að Steindalsrjett verði færð ofan í Fellsland á Miðhúsamela, eða á þann stað þar í grennd, þar sem álizt hentugast rjettarstæði, og er hjer með gjörð breyting á fjallskilareglugjörð Strandasýslu 14. júlí 1893, 5. kafla 23. gr.
21. Amtsráðið ályktaði að mæla með bænaskrá frá Guttormi Jónssyni í Hjarðarholti til alþingis um 600 kr. styrk úr landssjóði til þess að útvega torf pressu til húsabygginga.
22. Forseti lagði fram brjef sýslunefndarinnar í Snæfellsness og Hnappadals-sýslu, 9. maí þ. á., þar sem þess er farið á leit, að strandferðaskipið kæmi sem optast við í Ólafsvík, er leið þess lægi þar fram hjá.  
Amtsráðið mælir með þessari beiðni við landshöfðingja.
23. Amtsráðið veitti kvennaskólanum í Reykjavík 100 kr. styrk, og voru fram lagðar skólaskýrslur fyrir 18<sup>94/95</sup> og reikningar fyrir 1893—94.
24. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Ísafjarðarsýslu, um eyðing refa o. fl. Amtsráðið staðfesti reglugjörðina til þess að öðlast gildi 1. sept. 1895.

Fundi frestað til næsta dags.

Fundinum haldið áfram 15. júní 1895.

25. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 8. þ. m., þar sem hann lætur uppi álit sitt um kæru frá yfirsetukonunni í 4. yfirsetukvennaumdæmi Mýrasýslu, Þuríði Jónsdóttur á Svarfhóli yfir því, að sýslunefndin hafi svift sig hálfri launaviðbót, sem henni hefði áður verið veitt, af þeirri ástæðu, að hin eiginlegu laun hennar hækkuðu upp í 60 kr. samkvæmt lögum 13. apríl 1894, um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875, en sýslunefndin heldur því fram, að hin veitta launaviðbót sje miðuð við laun þau, sem hún hefði haft eptir nefndum lögum 17. desbr. 1875.

Amtsráðið ályktaði, að skjóta þessu máli til landshöfðingja eins og fyrirskipað væri, og leggja það til, að yfirsetukonan eigi að halda þeirri launaviðbót, sem henni hefði verið veitt auk launa eptir lögum 13. apríl 1894, frá því þau öðluðust gildi 2. ágúst f. á.

26. Forseti lagði fram brjef sýslunefndarinnar í Strandasýslu, 24. apríl þ. á. og þar með fylgjandi erindi Guðjóns alþingismanns Guðlaugssonar á Ljufustöðum, þar sem hann skýrir frá þeirri tilhögun, sem hann álití hina heppilegustu til þess að bæta samgöngur hjer á landi, sem sje, að landssjóður kosti

130

5—6 gufubáta, sem gangi umhverfis landið, og að ferðir þeirra yrðu kostaðar af landssjóði og sýslusjóðum í sameiningu, og óskar alþingismaðurinn eptir, að amtsráðið vildi láta í ljósi álit sitt um þetta mál, áður en hann flytti það inn á alþingi.

Amtsráðið áleit, að æskilegt væri að fá sem allrafullkomnastar samgöngur með ströndum fram og innfjarða, eins og líka ferðir til annara landa, og vildi skora á alþingi til framkvæmda í því efni, eins og fjárhagur landsins frekast leyfði.

27. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, fjármörk, rjettahöld og eyðing refa m. fl. og var það staðfest til að öðlast gildi 1. septbr. 1895. Einnig var lagt fram erindi Kristjáns Jörundssonar á Þverá í Eyjahreppi 7. þ. m., þar sem hann hreyfir ýmsum mótmælum gegn frumvarpinu, sem skerðandi rjett hans, sem eiganda Þverár — þar sem fjárrjett er. Amtsráðið fær eigi sjeð, að mótmæli hans geti hrundið frumvarpinu, þótt hann fái eigi svo mikinn rjettartoll, sem hann álitur sanngjarnan; en eigi er ákveðið í frumvarpinu, að hreppsnefndin megi nota fjárrjettina, sem er á Þverá, í hreppsins þarfir yfir höfuð, eins og hann einnig hafði kært yfir.
28. Forseti lagði fram brjef sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 9. maí þ. á., þar sem þess er farið á leit, að amtsráð-ð komi því til leiðar, að vegurinn frá Gunnarsstöðum yfir Raudmelsheiði að Raudamel ytri, yrði viðurkenndur sem fjallvegur.

Amtsráðið áleit, að vegur þessi hefði aldrei verið í sýsluvega tölu, að því leyti, er snertir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og væri því ekki þörf að gjöra nokkra ráðstöfun í þessu tilliti. Á árinu 1887 hafði fje verið lagt úr landssjóði til vegarins og 1889 hafði hann eigi verið tekinn upp í tölu sýsluvega þar.

29. Forseti skýrði frá því, að hann hefði álitid það rjettast, að hinar núgildandi reglugjörðir um sýsluvegi yrðu endurskoðaðar vegna hinna nýju vegalaga, 13. apríl 1894, sem öðludust gildi 2. ágúst s. á.; voru þá fram lagðar hjer að lútandi tillögur frá sýslunefndunum í amtinu eins og hjer segir, og staðfesti amtsráðið þær.

a. Í Strandasýslu:

1. Vegurinn af Þjóðveginum, þar sem hann liggur yfir Hrútafjarðará fyrir utan Mela, með endilöngum Hrútafirði, yfir Stikuháls, kring um Bitrufjörð að bænum Gröf, þar yfir Bitruháls að Stóra-Fjarðarhorni, út með Kollafirði vestanverðum, eptir endilangri Tungusveit og Hrófbergshreppi að Kleppistöðum.
2. Vegurinn frá Hrófbergi fyrir Steingrímsfjarðarbotn að Bólstað yfir Trjekyllisheiði að Reykjarfjarðarkaupstað og þaðan kring um Reykjarfjörð, yfir Göngumannaskörð að Árnesi og þaðan í Ófeigsfjörð.
3. Vegurinn frá Bólstað út fyrir Hólsgötugil, yfir Bjarnarfjarðarháls að Skarði, ofan eptir Bjarnarfirði að Kaldrananesi.

4. Vegurinn frá sýsluveginum fyrir Bitrubotni fram hjá Snartartungu að sýslumótum á Snartartunguheiði. **130**
5. Vegurinn frá sýsluveginum fyrir Kollafjarðarbotni fram fyrir neðan Fell að sýslumótum á Steinadalsheiði.
6. Vegurinn frá Húsavík í Tungusveit fram fyrir neðan Tröllatungu að sýslumótum á Tröllatunguheiði.

b. Í Ísafjarðarsýslu:

1. Vegurinn frá Stað í Aðalvík yfir Sljettuheiði til Hesteyrar.
2. Vegurinn frá Stað í Grunnavík yfir Snæfjallaheiði ofan á hreppaveginum milli Snæfjalla og Sandeyrar.
3. Frá lóð Ísafjarðarkaupstaðar eins og almenn leið liggur nú vestur Dagverðardal yfir Breiðadalsheiði ofan að Vaðatanga.
4. Frá Vöðum að Mosvöllum og fram Bjarnardal, yfir Gemlufellsheiði að Gemlufelli.
5. Frá Þingeyri inn yfir Brekkuháls, fram Brekkudal, yfir Rafnseyrarheiði að Rafnseyri.

c. Í Dalasýslu.

Sýsluvegir skulu vera þeir sömu, sem nú eru, að því undanteknu, að Svinabjúgsvegur og vegakafi á Strandavegi milli Skarðs og Grafarmela falli úr tölu sýsluvega.

Amtsráðið athugaði, að vegurinn frá Gunnarsstöðum yfir Rauðamelsheiði að Rauðamel í Snæfellsnesssýslu væri eigi sýsluvegur þar í sýslu, heldur fjallvegur.

d. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. Vegurinn frá Gunnarsstaðaá á sýslumótum sje eptir endilangri Skógarströnd að Sneiðingum við Birgishöfða, þaðan fjöruvegur frá Sandhóli undir Vaðilshöfða á Bólstað.
2. Frá Hitará við Grettisbæli með Skógarfjalli um Gardamela, Eldborgarhraun, Krossholtsmela á Söðulsholt, þar sem kemur á Rauðamelsveg fram hjá Hafursfelli, um Langholt, Hjarðarfellsflóa, Kerlingarskarð niður hjá Skildi um Arnarstaðarveginn til Stykkishólms.
3. Frá Rauðamel ytra um Söðulsholt með Hafursfelli, um Langholt og Hofstaðahóla í Miklaholtshreppi, um Staðarholt, út Staðarsveit, yfir Fródárheiði til Ólafsvíkur um Ennisdal út á Sand í Ytra-Neshreppi.
4. Frá Dysjum á Kerlingarskarðsvegi niður Dufgusdal, yfir Lágafellsháls niður Djúpagil hjá Elliða á sýsluveginum hjá Furu.
5. Frá Skildi út Skeið, yfir Berserkjahraun, um Botna yfir Tröllaháls, með Kolgrafafirði um Eyði og Grund út Eyrarsveit yfir Búlandshöfða hjá Brimilsvöllum að Fróða.

Í þessu er þá fólgin staðfesting á því, að Ennisdalsvegurinn milli Neshreppanna skyldi vera sýsluvegur, og vegurinn undir Ólafsvíkurenni lagður niður sem sýsluvegur, en um þetta lá fyrir sjerstök tillaga af hálfu sýslunefndarinnar í brjefi sýslumanns, 9. maí þ. á.

e. Í Mýrasýslu:

Vegurinn frá Hafþórsstöðum í Norðurárdal yfir Grjótháls, gegn um Norðtunguskóg, yfir Örnólfsdalsá, niður með henni og yfir Stafholts-tungur til Langholtsvaðs, og vegurinn frá Síðumúla yfir svo kallaðar Kleifar að Guðnabakka, og þaðan yfir Þverá á sýsluveginum hjá Arnbjargarlæk, falli úr tölu sýsluvega.

Sýslunefndin leggur þar næst til, að lagður verði á sínum tíma sýsluvegur frá Borg yfir Langárfoss, Álptárbakka, Hamra og Laxholt að Ökrum, en að Einkunnavegur, vegurinn niður Hraunhrepp og ef til vill Breiðaásvegur verði þá lagður niður. Þessi breyting ætlast nefndin samt eigi til að komist á fyr en vegfræðingur hefur gjört nákvæma tillögu, hvar hinn fyrirhugaði vegur frá Borg að Ökrum eigi að liggja.

Amtsráðið verður að álíta, að það sje nægur tími að taka ákvörðun um þetta, þegar til kemur.

Þessir vegir sjeu sýsluvegir eins og að undanfögnu:

1. Vegurinn frá Arnbjargarlæk yfir Norðurá á Hábrekkuváði, þaðan að Svignaskarði og síðan eptir endilöngum Borgarhreppi niður í Borgarnes.
  2. Vegurinn frá Ferjukoti beina stefnu í þann veg, sem nú síðast var nefndur og upp eptir þeim vegi upp á móts við Litlugróf; þaðan að Valbjarnarvöllum (Arnarstapavegur) og þaðan á veginn með Grímsstaðamúla.
  3. Vegurinn frá Grímsstöðum og ofan á Straumfjörð (Breiðaóssvegur).
  4. Vegurinn frá Staðarhrauni að Ökrum með Hítará.
  5. Vegurinn frá Vindási hjá Hamri upp Borgarhrepp (Einkunnavegur) yfir Langá milli Jarðlangsstada og Stangarholts upp að Grenjum og þaðan vestur að Staðarhrauni.
  - f. Tillögur um sýsluvegi í Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu voru eigi komnar fremur en aðrar afgreiðslur þaðan, sem snerta sýslufjelög þessi og amtsráðið.
30. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 5. þ. m., þar sem hann lætur til umsögn sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um kæru síra Jóhanns Þorsteinssonar í Stafholti yfir því, að sýslunefndin hefur 18. marz 1892 hækkað útsvar hans fyrir 18<sup>91/92</sup> úr 105 kr. upp í 125 kr., og byggir prestur kæru sína á því, að atkvæðagreiðslan á fundi sýslunefndarinnar hafi eigi verið sem skyldi, og á því, að áfrýjað hafi verið of seint af hálfu sýslumanns, sem hafði kært útsvarið fyrir hreppsnefnd, er eigi hafði breytt útsvarsupphæð þeirri, sem hún hafði lagt á síra Jóhann Þorsteinsson.

Amtsráðið gat eigi sjeð, að þau afbrigði frá gildandi lögum hefðu átt sjer stað, að þau gætu veitt ráðinu heimild til þess að fella úr gildi eða ónýta úrskurð sýslunefndar, sem í útsvarsmálum er yfir höfuð endilegur.

(Niðurl.).



## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 14. og 15. júní 1895.

(Niðurl.)

31. Lagðar voru fram skýrslur skólustjóra Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal um búnaðarskólalagðið þar, og um kennsluna á skólanum, var og ennfremur lagður fram reikningur um viðskipti amtsins og skólans 1894—95. — Eins og reikningarnir yfir tekjur og gjöld búnaðarskólaskólaáráðsins og búnaðarskólaskólaáráðsins 1894 bera með sjer, eru Ólafsdalsskólanum lagðar alls 1436 kr. 64 au., en í áætlun amtsráðsins frá fundi þess 6. og 7. júní f. á. er upphæðin 1358 krónur.

Amtsráðið ályktaði, að við svo búid mætti standa í þetta skipti, en eptirleidis yrði ekki út borgað til skólans meira en áætlað væri.

32. Amtsráðið ályktaði, að verja til Ólafsdalsskólans á yfirstandandi ári:

1. Meðgjöf með 5 piltum í efri deild á 150 kr. . . . .	kr. 750 00
2. Meðgjöf með 6 piltum í neðri deild á 250 kr. . . . .	— 1500 00
3. Laun forstöðumanns . . . . .	— 800 00
4. Laun aðstoðarkennara. . . . .	— 350 00
5. Til verkfærakaupa og áhalda . . . . .	— 100 00
6. Til prófdómenda . . . . .	— 40 00
7. Vextir og afborgun af bankaláni c. . . . .	— 109 00
8. Til bókakaupa . . . . .	— 50 00

Samtals kr. 3699 00

og skyldi til þess ganga:

1. Styrkur úr landssjóði . . . . .	kr. 2500 00
2. Ur Búnaðarskólaskólaáráðsins . . . . .	— 900 00
3. Úr Búnaðarsjóði . . . . .	— 299 00

Samtals kr. 3699 00

33. Amtsráðið leyfði, að Torfa skólustjóra Bjarnasyni yrði útborgað úr jafnaðarsjóði 44 kr. 46 arar, sem greiddar höfðu verið til þess að prenta skóla-skýrslu, sbr. 19. gr. skólareglugjörðarinnar.

34. Forseti lagði fram þjef sýslunefndarinnar í Strandasýslu, 29. apríl þ. á., þar sem hún mælir með sömuleiðis framlagðri beiðni frá Torfa skólustjóra Bjarnasyni í Ólafsdal, um, að amtsráðið útvegaði honum þann fjárstyrk eða það lán, sem nauðsynlegt væri til þess að hann gæti byggt upp aptur hús sitt í Ólafsdal, sem á síðastliðnum vetri hefði orðið fyrir svo miklum skemmdum af ofviðri, að það yrði eigi endurbætt, svo óhult væri að búa í því framvegis. Enn fremur var lagt fram þjef sýslunefndarinnar í Dalasýslu, 16. f. m., þar sem nefndin mælir með því, að amtsráðið vilji styrkja skólustjóra til þess að koma upp nýju húsi, og svo erindi Torfa Bjarnasonar sjálfs hjer að lútandi.

Amtsráðið ályktaði, að veita Torfa Bjarnasyni 3000 kr. úr jafnaðarsjóði til þess að koma upp húsi í Ólafsdal, svo sem í viðurkenningarskyni fyrir

130

allar framkvæmdir hans, sem lúta að því, að halda uppi búnaðarskólastofnun fyrir vesturamtið án sjerstaks kostnaðar fyrir amtið sjálft. Forseta var falið að taka 3000 kr. lán úr landsbankanum í þessu skyni, sem endurborgist á 6 árum og útvega samþykki landshöfðingja til þessarar lántöku.

35. Forseti lagði fram brjef frá síra Ólafi Helgasyni á Stóra-Hrauni, dags. 5. júní f. á., sem eigi hafði borizt amtinu fyrr en 11. s. m., svo það varð eigi rætt á fundi amtsráðsins í fyrra. Í þessu erindi sínu fer síra Olafur fram á, að fá sömu borgun fyrir kennslu hinnar daufdumbu stúlku Guðrúnar Kristjánsdóttur frá Eiríksholti í Mýrasýslu, sem var komið til kennslu hjá honum að tilhlutun stiptsyfirvaldanna í september 1893, og honum er greitt úr suðuramtinu (365 kr. árlega) og úr Norðuramtinu (360 kr. árlega) fyrir kennslu daufdumbra, fæði og húsnæði og fatnað, en hingað til hefur síra Ólafur fengið með Guðrúnu Kristjánsdóttur árlega 320 kr.

Amtsráðið ályktaði, að borga 365 kr. árlega fyrir kennslu og undirhald daufdumbra hjá síra Ólafi, og veita honum einnig þessa borgun fyrir Guðrúnu Kristjánsdóttur frá því henni var komið til kennslu

Amtsráðið lýsti því yfir, að æskilegt yæri, að kostnaði við kennslu daufdumbra og við bólusetningar yrði ljett af jafnaðarsjóði.

36. Forseti lagði það til, að borgun fyrir bólusetningar yrði eptirleiðis hin sama fyrir endurbólusetningar sem fyrir frumbólusetningar. sem sje 25 aurar fyrir hvern, sem bólan kæmi út á, og samþykkti amtsráðið þetta.
37. Forseti lagði til, að amtsráðið veitti sjer heimild til að borga úr jafnaðarsjóði kostnað við skóðanir á fje, sem flyttist til útlanda, og fjellst amtsráðið á þetta..
38. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1896.

## Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar . . . . .	kr. 1500 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	— 2080 00	3580 00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr. 800 00	
2. Heilbrigðismál (bólusetningar) . . . . .	— 200 00	
3. Heyrnar- og málleysingjar . . . . .	— 900 00	
4. Sáttámál . . . . .	— 50 00	
5. Kostnaður við notkun fangahúsanna á Ísa- firði og Stykkishólmi . . . . .	— 100 00	
6. Ferðakostnaður . . . . .	— 300 00	
7. Menntamál (Kvennaskólinn í Reykjavík) . . . . .	— 100 00	
8. Ýmisleg gjöld . . . . .	— 200 00	
9. Afborgun af láni upp á 3000 kr. og leigur . . . . .	— 630 00	
10. Eptirstöðvar . . . . .	— 300 00	3580 00

Feiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofu vesturamtsins, Reykjavík 11. júlí 1895.

*J. Havsteen.*